

227. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 29. nóv. 2024

Mætt: Soffía Sveinsdóttir, Jón Valgeirsson, Samúel Örn Erlingsson, Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir formaður nemendafélags, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir. Gestur fundarins: Haraldur Eiríksson fjármálastjóri FSu.

1. Fjármál FSu – Haraldur kynnti fjárhagsáætlun. Umræður um fjárhagsáætlun og stöðu. Þegar líða fór á árið leit út fyrir halla upp á 60.000.000.- en varkfallið hefur haft áhrif á reksturinn og lítur út fyrir rekstrarafgang um áramót. Staðan er björt hjá FSu. Tekjur koma af leigu lðu. Skólameistari benti á þá staðreynd að ekki hafi fylgt nægilegt fjármagn yfirflutningi Garðyrkjuskólans á Reykjum til að standa straum að rekstrinum.
2. Verkfall – Í dag er 24. dagur verkfalls. Skólameistari hefur verið að teikna upp nokkrar sviðsmyndir miðað við fyrirfram gefnar forsendur á lausn verkfalls. Búið er að fresta útskrift en mikill þrýstingur er frá foreldrum og nemendum um að birta mögulegar sviðsmyndir. Staðan hér er flókin, í fyrri verkföllum hafa allir skólar verið í verkfalli. Ræddar voru áskoranir sem þessu fylgja. Einnig voru undanþágur ræddar. Skólameistari sagði frá því að góð mæting væri í allar akademíur og upplýsti nefndina að nemendur sem eru á heimavistinni hafi haldið áfram að nýta sér hana.
3. Heimavist – til upplýsinga. Einar Freyr Elínarson sem er varamaður á fundinum sem og fulltrúi í starfshópi SASS um heimavist upplýsti skólanefndina um að hann hefði kannað húsnæðismál á Selfossi og nágrenni en enginn augljós kostur í boði. Alþingiskosningar á þessum tímapunkti hjálpa ekki málinu. Umræða um húsaleigu og hlut nemenda og ríkis, en tap er 3.000.000. Skólameistari hefur rætt við bæjarstjóra Árborgar um mögulega kosti til húsnæðisuppbýggingar. Í núverandi leigusamningi greiðir skólinn alltaf fyrir 20 nemendur hvort sem öll plássin eru nýtt eða ekki.
4. Önnur mál.
 - a. Dýrleif Nanna sagði frá góðri mætingu á bíókvöld. Söngkeppni FSu 7. nóv. 300 manns mættu sem er nokkuð undir hefbundinni þátttöku en keppnin gekk vel. Jólakvöldavaka í samstarfi við Pakkhúsið 4. des. Skólameistari upplýsti fundinn um hversu vel var staðið að Söngkeppninni og hrósaði nemendafélaginu. Dýrleif sagði frá líðan nemenda í verkfalli. Hún ræddi einnig um áskorun nemendafélagsins á samfélagsmiðlum um að leysa verkfall.

Næsti fundur skólanefndar 28. febrúar 13:00.

Fundi slitið: 13:59
Fundargerð ritaði:
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Jón G. Valgeirsson
~~Jón G. Valgeirsson~~
Guðbjörg Bergsdóttir
Frida Elva Sveinsdóttir
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir